

GRÆNA LANDIÐ

eftir

Ólafur Haukur Símonarson

Leikritið er tileinkað móður minni, Elínu Friðriksdóttur.

Leikritið var frumsýnt í Frumleikhúsinu í Keflavík, 25. október 2003, en síðan sýnt á Litla sviði Þjóðleikhússins, í Þórshöfn í Færeyjum og í Ríkissjónvarpinu.

Leikarar á frumsýningu:

Gunnar Eyjólfsson

Kristbjörg Kjeld

Björn Thors

Leikstjóri:

Þórhallur Sigurðsson

Leikmynd:

Grétar Reynisson

Lýsing:

Ásmundur Karlsson

Tónlist og hljóðmynd:

Gunnar Þórðarson

Búningar:

Margrét Sigurðardóttir

1. ATRIÐI

Það er nótt. Kári Sólmundarson kemur út úr húsi sínu og gengur inn í viðbyggðan sólskála. Skálinn er í niðurniðslu, rúður brotnar og plöntur allar visnaðar. Kári kveikir á kerti og litast um. Hann finnur loks ljósa-rofa. Dauf loftljós lýsa upp skálann. Svefnbekkur stendur reistur upp á hlið í horni skálans. Kári dregur svefnbekkinn út á mitt gólf. Hann fer svo aftur inn í húsið, og kemur út með sængurföt. Kári leggst á svefnbekkinn og sofnar.

Nýr dagur.

Dyrabjallan inni í húsinu hringir. Kári rís upp við dogg, hlustar, en leggst svo aftur niður og dregur sængina yfir höfuð. Loks hættir bjallan að glymja.

LILJA: (Ennþá inni í húsinu.) Halló, er einhver heima? Halló!
(Lilja birtist í dyrum sólskálans. Kemur auga á manninn undir sænginni á dÍvaninum.) Góðan dag! (Ekkert svar.) Góðan dag, sagði ég. (Dok.) Ég ætla að taka dÍlÍtið til í húsinu, ef mér leyfist. Skelfing er þungt loftið hjá þér. Það mætti skera það með hníf. Það verður að lofta út annað slagið. (Lilja opnar dyr sólstofunnar út í garðinn.) Hvar geymirðu ryksuguna? Ég tók matarbakkann inn, hann var fyrir framan dyrnar. Það er lítið vit í því að hafa ann þar. Viltu að ég hiti upp matinn fyrir þig?

KÁRI: Nei, þakka þér fyrir.

LILJA: Þú ert ekki þá heyrnarlaus, ég var farin að óttast það.

KÁRI: Það er ekkert bragð af þessu. Ég veit ekki til hvers það er verið að senda manni þennan viðbjóð.

LILJA: Til þess að þú deyr ekki úr hungri, geri ég ráð fyrir.

KÁRI: Ég hendi því öllu í klósettið.

LILJA: Til að fita rotturnar.

KÁRI: Hvað rottur?

LILJA: Hvaða rottur? Þú veist þó líklega að holræsin eru full af rottum.

KÁRI: Hefur þú séð einhverjar rottur?

LILJA: Ekki persónulega, nei, en mér er sagt að holræsin séu krökk af þeim. Og þannig er það vegna þess að karlar eins og þú vilja ekki borða matinn sinn og henda honum ósnertum í klósettið. Hvar eru pokarnir í ryksuguna?

KÁRI: Þessi ryksuga er ekkert á mínum vegum.

LILJA: Ekki á þínum vegum?

KÁRI: Nei.

LILJA: Ert þú ekki Kári Sólmundarson?

KÁRI: Og þó svo væri?

LILJA: Kemur allt heim og saman. Fúllyndur, viðskotailur, nauðsynlegt að umgangast hann með varúð. Stendur hér í skýrslunni. Nei, ég er nú bara að grínast.

KÁRI: Er þér borgað fyrir að ganga í hús og grínast?

LILJA: Þú átt sem sé enga ryksugupoka?

KÁRI: Ég var að segja þér það, manneskja, þessi ryksuga er ekkert á mínum vegum.

LILJA: Á hverra vegum er hún þá?

KÁRI: Ekki á mínum vegum.

LILJA: Það er sem sé einhver annar en þú sem á þessa ryksugu?

KÁRI: Ég er mest hissa á því að hún skyldi ekki taka þessa helvítis ryksuguna með sér. Manneskjan sá alls staðar ryk og sand. Eins og hún byggdi í miðri Sahara eyðimörkinni.

LILJA: Þú hefur auðvitað aldrei séð neitt ryk?

KÁRI: Nei, ekkert umfram það sem eðlilegt má teljast.

LILJA: Þú hlýtur þó að eiga kúst? Hvar geymirðu kústinn?

KÁRI: Hvar heldurðu að kústar séu yfirleitt geymdir? Í kútaskápnum, manneskja.

LILJA: Af hverju drífurðu þig ekki í sturtu á meðan ég strýk yfir gólfín. Svo fáum við okkur kaffi.

KÁRI: Ég vil ekki sjá neitt kaffi.

LILJA: Hefurðu eitthvað á móti kaffi? Ertu í einhverjum sértrúarsöfnuði?

KÁRI: Mætti ég fá að vera í friði.

LILJA: Skelfing að sjá á þér hausinn, maður. Það er eins og belja hafi skitið í hárið á þér. Hvar geymirðu handklæðin? (Fer inn í húsið.)

KÁRI: (kallar á eftir Lilju.) Hvar fékkstu lykla að húsinu?

LILJA: Hvar ég fékk lykla?

KÁRI: Ég sagði það, já.

LILJA: Hvar heldurðu? Á skrifstofunni, maður. (Kemur inn með handklæði.) Hér er handklæði. (Dok.) Þær sögðu mér konurnar á skrifstofunni að þú vildir helst fá ungar stelpur með stór og stinn brjóst til að skúra, er það rétt?

KÁRI: Það kemur þér bara ekkert við.

LILJA: Auðvitað ekki.

KÁRI: Að minnsta kosti hef ég engan áhuga á brjóstunum á þér.

LILJA: Ég er nú bara að gera að gamni mínu. Hversvegna liggurðu hér?

KÁRI: Það kemur þér ekkert við.

LILJA: Af hverju sefurðu ekki í svefnherberginu?

KÁRI: Þú ferð ekki þar inn! Það er upptekið!

LILJA: Ég var nú bara að spyrja hvort þú svæfir ekki í svefnherberginu.

KÁRI: Ég sagði þér það - láttu svefnherbergið eiga sig!

LILJA: Gott og vel. Komdu þér þá fram úr - ég ætla að skipta á rúminu. (Hún lyftir sænginni fótagaflsmegin.) Hvað er að sjá þetta, maður, sefurðu í skónum? Ég á ekki orð. Svona, á lappir með þig! (Hún rifur sængina af Kára sem hrökklast á fætur.)

KÁRI: Ég kæri þig fyrir líkamsárás!

LILJA: Ekkert lak? Þú verður að hafa lak maður. Hvar geymirðu sængurfötin?

(Lilja fer inn í húsið.)

KÁRI: Þú lætur alla skápa í mínu húsi í friði!

LILJA: (kemur í dyrnar með myndbandsspólu.) Eiginkona og dóttir bankastjórans eru einar heima þegar ungur, glæsilegur rafvirki kemur til að gera við nuddpottinn. Góð kynni takast með mæðgunum og rafvirkjanum. Nuddpotturinn fer í gang og er nýttur til hins ýtrasta. Þá kemur bankastjórinn heim... Heiti potturinn - graðasta myndin í ár!

KÁRI: Ef þú ert að biðja um að fá myndina lánaða, þá er svarið nei.

LILJA: Þú mátt sennilega ekki missa hana? (Lilja hlær innilega.) Ég er voða lítið fyrir klám. Ég var bara að spauga.

KÁRI: Ég vildi helst fá að vera laus við þitt spaug.

LILJA: Nú færðu þér kaffidreitil með mér og hættir þessari skapillsku. Viltu mjólk úti? Talaðu, tjáðu þig, mjólk eða ekki mjólk?

KÁRI: Enga helvítis mjólk. Mjólk er fyrir kálfa.

LILJA: Þú færð það svart. Svart eins og syndin. Segðu nú eitthvað skemmtilegt.

KÁRI: Eitthvað skemmtilegt? Eins og hvað?

LILJA: Veistu hvað draugurinn sagði við hinn drauginn?

KÁRI: Nei.

LILJA: Hann sagði: Trúirðu á menn?
(Lilja hlær, en Kári ekki. Hann starir þögull ofan í kaffibollann.)

LILJA: Skilurðu þetta ekki?

KÁRI: Auðvitað skil ég það. Þetta er bölvað rugl.

LILJA: Jæja. Er það svo? (Dok.) Vantar þig eitthvað? Mjólk?

KÁRI: Enga helvítis mjólk. Sykur.

LILJA: Viltu láta stjána við þig?

KÁRI: Tvo mola.

LILJA: Það er allt í lagi að stjána við þig.

KÁRI: Enga mjólk. Mjólk er fyrir kálfa.

LILJA: Ég náði því.
(Lilja tekur myndir upp úr pappakassa á gólfinu.)
Eru þetta krakkarnir þínir?

KÁRI: Stelpan. Strákurinn er sonur hennar. Hann er farinn.

LILJA: Farinn hvert?
(Þögn.)
Farinn hvert? Til útlanda? (Dok.) Dáinn?

KÁRI: Það má segja það, já.

LILJA: Ég samhryggist þér.

KÁRI: Það er ekki hægt að vera bæði dauður og lifandi. Fólk verður að vera annað hvort.

LILJA: Er þetta dóttir þín? Hvar býr hún?

KÁRI: Ameríku, Spáni, Svíþjóð. Alls staðar annars staðar en hér. Því finnst ekki taka því að búa á þessu skeri. Ekki nema þegar það er nýskilið og með allt á hælunum, þá skýtur það upp kollinum til að sníkja peninga.

LILJA: (skoðar ljósmynd í ramma.) Hér er hún með stúdentshúfuna. Falleg stúlka. Hún hlýtur að vera orðin þroskuð kona núna?

KÁRI: Sömu vanvitarnir þótt það sanki að sér háskólagráðum. Ég veit ekki til hvers það er að læra. Ég veit það ekki.

LILJA: Til þess að víkka sjóndeildarhringinn, er það ekki? (Hún hellir aftur í bolla Kára.)

KÁRI: Sjóndeildarhringinn?

LILJA: Sjóndeildarhringurinn er nú ekki það ómerkilegasta, vinur minn.

KÁRI: Jæja?

LILJA: Alltaf að breytast.

KÁRI: Sjóndeildarhringurinn?

LILJA: Aldrei sá sami. Það er nú það skemmtilega við lífið. Hver er þetta? Ert þetta þú?

KÁRI: Það kemur þér ekkert við. Ég hef ekkert við þig að tala.

LILJA: Það getur nú varla verið svo bölvað, er það, að sjá einhverja lifandi skepnu? Koma ekki einhverjir kallar að heimsækja þig - gamlir kunningjar?

KÁRI: Ég þarf engar heimsóknir. Og það er óþarfi að færa mér hrisgrjónarusl og káldót.

LILJA: Þú verður að næra þig, kærri vinur, og þú verður að tala við annað fólk. Ef þú gerir það ekki - ef þú sefur í skónum - þá breytist þú smámsaman í skepnu.

KÁRI: Viltu að ég kærði þig fyrir meiðyrði?

LILJA: Það er óþarfi að vorkenna körlum eins og þér. Þið eruð ekkert of góðir til að reyna að líta út eins og menn. Ég sá í skýrslunni að þú ert ekki haldinn neinum alvarlegum sjúkdómum. Þess vegna, væni minn, er það helber ómennska að liggja uppi í bæli með skóna á löppunum.

KÁRI: Hvað hef ég eiginlega gert þér manneskja?

LILJA: Þú veist það ekki? Maður sem liggur hér niðursokkinn í füllýndið í sjálfum sér - hvað ætli hann sé að hugsa um annað fólk.

KÁRI: Ég vil bara alls ekki hlusta á þig!

LILJA: Þú þarft að skeina þig betur. Það er bremsufar í buxunum.

KÁRI: Nú fer ég og hringi á lögregluna!

LILJA: Já, já, kallaðu endilega á lögregluna. Þá mun ég kæra þig fyrir að spígspora um á hlandgulum nærbuxum með skápana fulla af klámspólum. (Lilja fer inn í húsið.)

KÁRI: (kallar á eftir henni.) Þetta grunaði mig alltaf, að djöfullinn væri kvenmaður!

LILJA: Nú - vissirðu það ekki?

KÁRI: Þú hefur eitrað kaffið!

LILJA: Það tekur því ekki - þú verður sjálf dauður af einskærum svartagallspirringi.

KÁRI: Ég er ekkert upp á þig kominn.

LILJA: Það líkar mér að heyra. Spurningin er hins vegar hvort þú ætlar að hínast hér úti.

KÁRI: Já

LILJA: Á ég ekki að búa um þig inni?

KÁRI: Nei, takk.

LILJA: Drifðu þig að minnsta kosti í sturtu á meðan ég skipti á rúminu.

KÁRI: Ég fer í sturtu þegar mér sýnist.

LILJA: Viltu að ég komi og skrúbbi á þér botninn?

KÁRI: Nei, þakka þér kærlega fyrir.

KÁRI: Þú ert áreiðanlega send af djöflinum.

LILJA: Nei, ég er send af Reykjavíkurborg.

(Lilja kemur út úr húsinu með hrein sængurföt. Hún byrjar á því að skipta um lak.)

LILJA: Við hvað starfaðir þú?

KÁRI: Ég byggði hús.

LILJA: Byggðirðu hús - en gaman!

KÁRI: Hvað er gaman við það?

LILJA: Mér þykir svo gaman að horfa á vel byggt hús.

KÁRI: Hús eru engin gamanmál.

LILJA: Er þér ofviða að viðurkenna að eitthvað geti verið skemmtilegt? Er ekki gaman að gleðjast yfir einhverju - sínum eigin góðu handarverkum? Hugsaðu þig nú um, vinur.

(Þögn.)

KÁRI: Óvandað hús er glæpaverk. (Kári kveikir á myndvarpa. Mynd af háhýsi fellur á vegginn.) Óvandað hús er glæpaverk.

(Grænt ljós fellur á Kára.)

KÁRI: Fæ ég hvergi frið fyrir ykkur! Hvað viljiði mér?

GRÆNN MAÐUR: Ertu hræddur?

KÁRI: Hræddur, nei, ég er ekkert hræddur!

GRÆNN MAÐUR: Þú flýðir hingað út ...

KÁRI: Það var loforð sem ég gaf.

GRÆNN MAÐUR: Hvaða loforð?

KÁRI: Ég lofaði að vökva blómin.

GRÆNN MAÐUR: Vökva blómin? Hvaða blóm?

KÁRI: (horfir í kringum sig.) Blómin ... blómin ...

(Myrkur.)

2. ATRIÐI.

Lilja kemur í gegnum garðinn og gengur inn í sólstofuna. Hún heldur á tveimur plastpokum. Kári situr í náttslöpp.

LILJA: Blessað vorið! Það er svo fallegt lafið á trjánum. Stafa af því geislar. Allt að verða svo yndislega grænt.

KÁRI: Þú ert ekki græn.

LILJA: Nei. En ég er rétt eins og kýrnar á vorin, sletti rassinum upp í loft og ræð mér ekki fyrir kæti. (Dok.) Ég fékk pokana í ryksuguna. Þurfti reyndar að hafa talsvert fyrir því. Þessi ryksuga er orðinn forngripur. Ég held þú ættir að blæða á þig nýrri ryksugu, karlinn minn.

KÁRI:

Var það eitthvað fleira fyrir þig?

LILJA:

Ég keypti handa þér nærbuxur. Fékk þær á útsölu. Hræódýrar. Karlar eins og þú hafa ekkert við dýrar nærbrækur að gera.

KÁRI: Nú - af hverju?

LILJA: Af því það er laus í ykkur dropinn.

KÁRI: Kjaftæði er þetta - hvað veist þú um það?

LILJA: Ég veit allt um það - búin að moka undan körlum eins og þér í fimm ár.

KÁRI: Hver var að biðja þig um það? Ekki ég.

LILJA: Ég er nú bara að vinna fyrir mér.

KÁRI: Áttu ekki mann? Getur hann ekki unnið fyrir þér?

LILJA: Ég átti tvo menn - ef það er hægt að tala um það að eiga menn. Sá fyrri lét sig hverfa þegar hann var búinn að gera mig óléttu. Sá seinni hvarf líka - dó úr krabba. Sómamaður - aldrei í vondu skapi. Enda lánaðist honum að geta með mér fjögur börn - allt prýðiskrakkar - kátir og kærulausir rétt eins og pabbi þeirra. Góð við mig.

KÁRI: Góð við þig?

LILJA: Já, góð við mig, öll sem eitt. Betur átt en út borin.

KÁRI: Og hvað svo?

LILJA: Hvað svo? Þegar ég var búin að þrifa hland og skít í þrjátíu ár var komið að því að fara út á vinnumarkaðinn. Þar beið nú aldeilis nóg af skítverkunum, karl minn.

KÁRI: Gott.

LILJA: Ég verð í skítverkunum þar til yfir lýkur – tel mig ekki of góða til að vinna skítverk. (Fer inn í húsið.)

KÁRI: (skoðar nærbuxurnar.) Þetta er allt of stórt, manneskja! Hvað heldurðu að rassgatið á mér sé, olíutunna?

LILJA: Þær hlaupa í fyrstu suðu. Mig vantar stóran og góðan pott?

KÁRI: Pott? Hvað ætlarðu að gera við pott – berja mig í hausinn?

LILJA: Nei, væni minn, ég ætla að sjóða saltað hrossakjöt - af gömlu.

KÁRI: Hrossakjöt? Af hverju þykist þú ætla að sjóða hrossakjöt?

LILJA: Ég bara gef ekkert upp um það. (Kemur inn. Bregður á loft hrossakjötsbita í plastumbúðum.) Er þetta ekki eins og þú vilt hafa það - fitan heiðgul eins og sól á sumarvegi.

KÁRI: Hvar náðirðu í þetta?

LILJA: Maður rekst á ýmislegt, drengur minn. Hafi maður augun opin.

(Þögn.)

KÁRI: Þú ert ekki skyldmenni, vona ég?

LILJA: Skyldmenni einhvers er ég væntanlega.

KÁRI: Var ég að spyrja um það? Ég spurði hvort þú værir mitt skyldmenni!

LILJA: (fer út. Um öxl.) Til allrar guðslukku er ég ekkert skyld þér.

KÁRI: Hvað ertu þá að vaða hér inn á gafl með saltað hrossakjöt?

LILJA: Ertu ekki austfirðingur?

KÁRI: Og ef svo væri?

LILJA: (kemur inn í gróðurskálann með tvo kaffifanta.) Ég er ekki fædd í gær. Nefndu saltað hrossakjöt og þið austfirðingar byrjið að kurra og blaka vængjunum eins og litlir englar. (Lætur orðalaust tvo mola í kaffifant Kára.)

KÁRI: Þú skalt ekki halda að þú getir keypt af mér einhverja auðmýkt með hrossakjöti.

LILJA: Auðmýkt væri fullmikið – mannasiðir dygðu mér. (Þögn.) Er allt í lagi með þig?

KÁRI: Af hverju skyldi ekki vera allt í lagi með mig?

LILJA: Ég spyr, er allt í lagi með þig?

KÁRI: Ég ét, hef hægðir, vaki, sef, dreg andann, er það ekki það sem lífið snýst um?

LILJA: Finnst þér það?

KÁRI: Finnst mér hvað?

LILJA: Að lífið snúist um það að éta og skíta?

KÁRI: Finnst þér verra að ég skuli hafa hægðir?

LILJA: Nei, alls ekki. (Dok.) Hvernig hús byggðirðu?

KÁRI: Þykist þú hafa eitthvert vit á húsum?

LILJA: Stór hús, lítil hús, timburhús, steinhús?

KÁRI: Nú bara allskonar hús. (Þögn. Kári kveikir á myndvarpa. Myndir af háhýsum falla á vegginn.) Ég byrjaði með skriðmótin. Skriðmótin mörkuðu þáttaskil. Margir óttuðust að háhýsin myndu ekki standast öflugan jarðskjálfta. Margir óttuðust það. En það var ástæðulaust. Ég byrjaði með skriðmótin...

LILJA: Mikið er dásamlegt að heyra þig segja frá þessu! Segðu mér eitthvað fleira um húsin sem þú byggðir.

KÁRI: Ég hef aldrei sofnað frá óvönduðu verki. (Ný mynd birtist á veggnum.)

LILJA: Ég sá það strax - þú ert þannig maður. Þú hefðir ekki sofnað nema allt væri hundraðprósent.

KÁRI: Ég læt ekki einhvern vitleysing í það að glerja. Halda menn að suðvestanáttin sé eitthvert grín? Halda menn að hvaða labbakútur sem er geti glerjað fyrir fjórtán vindstig á suðvestan?

LILJA: Nei, auðvitað ekki.

KÁRI: Skriðmótin mörkuðu þáttaskil.

LILJA: Þú varst búinn að segja mér það. (Þögn.) Segðu mér meira.

KÁRI: Ég hef ekkert meira að segja.

LILJA: Þetta var svo skemmtilegt, haltu áfram.

(Kári ætlar að slökkva á myndvarpanum, en fatast myndstjórnin; mynd af honum og eiginkonu hans fellur á vegginn.)

LILJA: Er þetta konan þín? Hvar er þessi mynd tekin? Sjá hvernig þú horfir á hana! Ég vildi óska þess að einhver horfði svona á mig. Þú ert svo grallaralegur á svipinn. Þú hefur verið skotinn í henni. Hvað varstu að hugsa þegar þessi mynd var tekin? (Ný mynd kemur upp – af stúlkubarni.) Og þarna er hún dóttir þín.

KÁRI: Þessar myndir koma þér ekkert við, og þaðan af síður hvað ég var að hugsa.

LILJA: Mig langar bara að vita eitthvað örlítið um þig.

KÁRI: (reynir að slökkva á myndvarpanum, en tekst það ekki, gengur þá að veggnum eins og hann hyggist fela myndirnar með höndunum. Festir þá athygli við hendur sínar.)

Hvað er þetta?

LILJA: Ha?

KÁRI: Þetta! Hvað er þetta!

LILJA: Hendurnar á þér?

KÁRI: Hendur?

LILJA: Já, hendurnar á þér.

KÁRI: Til hvers eru þær?

LILJA: Til að skrifa, baka, sauma, smíða.

KÁRI: Smíða hvað?

LILJA: Hús. Þú smíðaðir hús. Mörg hús. Hendurnar eru stórkostlegar. Líttu á hvað guð hefur gefið okkur mikil listaverk. (Lilja strýkur vanga Kára.) Sjáðu hvað er hægt að gera við þær. Er þetta ekki frábært?

KÁRI: (skoðar hendur sínar.) Þessar hendur ... ég kunni svo margt.

LILJA: Þú kannt ýmislegt ennþá.

KÁRI: Lítil hönd, svo mjúk, svo góður ilmur...

3. ATRIÐI

Kári situr í myrkrinu í sólstofunni vafinn í sæng. Páll, piltur um tvítugt kemur út úr húsínu með þýfi. Hann heldur á vasaljósi. Litast um. Gramsar. Páll hrekkur í kút þegar Kári kveikir loftljósið.

PÁLL: Ég sá ekki bílinn. Ég hélt þú værir ekki heima. Hvað ertu að gera? Ekki sefurðu hér?

KÁRI: Ég lofaði henni ömmu þinni að vökva blómin.

PÁLL: Það er langt síðan ég hef séð þig. Hvernig hefurðu það?

KÁRI: Hvað varstu að gramsa? Hvað ertu með?

PÁLL: Slakaður á.

KÁRI: Hvernig komstu inn?

PÁLL: Þú heldur þó ekki að ég hafi komið til að stela einhverju frá þér? Ertu að segja það - að ég sé þjófur?

KÁRI: Láttu mig hafa lyklana!

PÁLL: Þú gætir legið hér inni dauður, dögum saman, skilurðu, er ekki betra að hafa lyklana á öruggum stað? Þetta er rosalega smart sloppur sem þú ert í

KÁRI: Komdu með lyklana!

PÁLL: ... algjör hátíska. Ætlarðu ekki að bjóða mér eitthvað - áttu Malt, eins og í gamla daga?

KÁRI: Skilaðu því sem þú tókst! (Kári rífur í Pál, sem missir kassa með silfurborðbúnaði á gólfíð; kassinn opnast.)

PÁLL: Þetta er ekki neitt - nokkrar gamlar skeiðar. Þú hefur ekkert við þær að gera. Það kemur óbragð í munninn af silfri. Það er miklu heilsusamlegra að nota plastskeiðar. Endurvinnanlegt plast - vistvænt! (Dok.) Mig vantar pening, afi minn, geturðu lána mér?

KÁRI: Þú færð enga peninga hjá mér! Ekki eyri!

PÁLL: Ég er sjúklingur! Þú átt að vera virkilega góður við mig. Ég þarf nauðsynlega á peningum að halda, afi minn.

KÁRI: Þú ert meiri helvítis auminginn!

PÁLL: Hvernig getur fólk verið um það bil að kveðja þennan heim, en samt gengið með hausinn fullan af svona andstyggilegum fordómum?

KÁRI: Það var enginn að biðja þig um að éta eiturlyf!

PÁLL: Það er enginn að biðja um eitt eða neitt - maður gerir það sem maður gerir - til þess að svala eigin hvötum, ekki satt? Það ættir þú að vita, manna best!

KÁRI: Ég veit ekki um hvað þú ert að tala. Hef ekki hugmynd um það?

PÁLL: Nei, nei, bara búinn að steingleyma öllu! Á ég að trúa því?

KÁRI: Trúðu því sem þú vilt. (Páll tekur lyfjastauka sem standa á hillunni, hellir innihaldinu í lófann; stingur því síðan í vasann.) Láttu þetta vera strákur, láttu þetta vera!

PÁLL: Þú þarft engin lyf, þú ert svo andskoti hraustur.

KÁRI: Hún amma þín á þessar pillur - láttu þær á sinn stað!

PÁLL: Vertu kátur, vertu kátur, það er svo óhollt að hafa allt á hornum sér. Ætlarðu ekki að bjóða mér eitthvað?

(Kári tekur matarbakkann, opnar hann og býður Páli. Páll þefar af matnum í bakkanum.)

PÁLL: Afi, læturðu bjóða þér þennan viðbjóð? Þú ættir að fá þér ráðskonu. Eina tælenska. Þær eru suddafinar tæjurnar, maður. Þá fengirðu almennilegt að éta. Hún mundi stjána við þig. Þú fengir heilnudd á hverjum degi. (Þögn.) Mamma biður rosalega vel að heilsa.

KÁRI: Þú skalt skrökva einhverju öðru.

PÁLL: Ókei, ókei - hún hugsar oft til þín. Trúirðu því ekki? Manneskjan er alltaf að hugsa.

KÁRI: Hvað er hún að hugsa?

PÁLL: Hvað er hún að hugsa? Hún er bara alltaf að hugsa rosalega mikið. Það er ekkert auðvelt að hugsa. Svo er hún að skrifa.

KÁRI: Hvað skrifar hún?

PÁLL: Hvað hún skrifar. Hefurðu ekkert lesið af því? (Kári hristir höfuðið.) Bara allt mögulegt. Greinar, ljóð - núna er hún að skrifa skáldsögu. Það tekur tíma að skrifa skáldsögu. Það er ekki auðvelt að skrifa skáldsögu. (Páll fær SMS skilaboð á símann; athugar boðin.)

KÁRI: Hvaðan ertu að koma?

PÁLL: Hvaðan ég er að koma? Maður kemur og maður fer. Kemur og fer. Er það ekki gangurinn?

KÁRI: Hvað ertu að gera þessa dagana?

PÁLL: Gera? Hvað er ég að gera? Þurfa allir að vera að gera eitthvað?

KÁRI: Hvernig lifir hún ...

PÁLL: ... *lifir* hún?

KÁRI: ... mamma þín?

PÁLL: Hún bara lifir. Ég var að segja þér það, reykir tvo pakka á dag, drekkur sitt rauðvín, þýðir bækur, skrifar einhverja delli um ruglað fólk í einhver rugluð tímarit. Hún er sérfræðingur í ruglaða liðinu.

KÁRI: Í ruglaða liðinu?

PÁLL: Lostafíkn, kynkuldi, átröskun, þunglyndi, ofvirkni, árátтуhegðun, ofsóknaræði, hún getur bullað um þetta allt, alveg endalaust.

KÁRI: Signý bullar ekki.

PÁLL: Jæja, er það ekki? En þú, hvernig hefur þú það?

KÁRI: Gott.

PÁLL: Hvar er bíllinn þinn?

KÁRI: Það kemur þér ekkert við.

PÁLL: Þú ert ekki hættur að keyra?

KÁRI: Ef þú ætlar að stela bílnum, þá er það of seint.

PÁLL: Nú, hvað - seldirðu bílinn?

KÁRI: Ég gaf hann.

PÁLL: Gafstu bílinn?

KÁRI: Já, ég gaf bílinn.

PÁLL: Gafstu nýjan bíl? Hverjum gafstu bílinn?

KÁRI: Samtökum.

PÁLL: Samtökum? Hvað helvítis samtökum?

KÁRI: Það kemur þér ekkert við! Ekki nokkurn skapaðan hlut!

PÁLL: Ókei, ókei, í guðanna bænum vertu ekki að æsa þig. Ókei, þú gafst bílinn. Bíllinn er farinn. (Dok.) Ætlarðu að minnsta kosti ekki að gefa mér í glas? (Páll sér flösku með líkjör. Hann bragðar á líkjörnum, en frussar honum svo út úr sér.)

KÁRI: Hún amma þín á þetta, láttu þetta vera!

PÁLL: Eldgamall andskoti! Tuttugu ára gamalt eða hvað? Djöfulsins ógeð. (Páll kúgast. Hann opnar dyrnar á sólstofunni og spýtir gumsinu út. Kári grípur símann til að hringja. Páll snýst á hæli, sér hvað Kári aðhefst, og hrifsar tólið af honum.)

PÁLL: Er ekki hægt að treysta þér? Hverskonar afi ert þú eiginlega? Hringirðu á lögguna þegar barnabarnið þitt kemur í heimsókn?

KÁRI: Ég vil ekkert við þig tala - láttu mig í friði!

PÁLL: Ókei, ókei, slakaðu á. Ég skal láta mig hverfa. (Dok.) Afí minn, mig vantar bara smá pening.

KÁRI: Ég á enga peninga!

PÁLL: (Veður að Kára og hristir hann óþyrmilega.) Áttu enga peninga? Þú tímir ekki að lána dóttursyni þínum þúsundkall en gefur einhverjum rötarylabbakútum nýjan bíl? Þú ættir að skammast þín! Hvar geymirðu gamla, góða, svellþykka peningaveskið

þitt? Hvar er veskið! (Páll sleppir tókunum. Róast. Löng þögn.) Manstu í gamla daga, þegar við fórum saman niður í fjöru að tína skeljar - áður en slettist upp á venskapinn hjá ykkur mömmu. Þú varst helvíti góður afi - alltaf að kaupa ís. Þú sýndir mér háhýsin sem þú varst að byggja. Byggingameistari! Það hljómaði vel. Sérstaklega þetta: meistari! Afí er meistari, sagði ég við kunningjana. Hann afí er meistari, hann byggir hæstu hús á Íslandi! Ekkert smá stoltur af því að eiga afa sem var meistari! (Páll gerir aðra atlögu að Kára.) Hvar eru peningarnir?

KÁRI: Það eru engir peningar.

PÁLL: Þú lýgur! Þú átt nóga peninga! Hvar eru þeir?

KÁRI: Ég veit það ekki. Ég segi það satt!

PÁLL: Hvar eru peningarnir!

(Páll tuskar Kára til og er að því kominn að berja gamla manninn þegar Lilja birtist í dyrunum.)

LILJA: Hvað gengur á? Ertu að leggja hendur á manninn?

KÁRI: Hann er bara - að heimsækja mig.

PÁLL: Palli litli að heimsækja afa sinn.

LILJA: Hvað ertu að vilja hér?

KÁRI: Hann er að heimsækja mig!

PÁLL: Ertu búinn að koma þér upp hjákonu, afí minn? Þú ættir heldur að fá þér eina tælenska. Þær eru svo snyrtilegar.

LILJA: Á ég að hringja á lögregluna?

KÁRI: Nei, nei!

(Páll ténir silfurskeiðarnar upp af gólfinu, stingur þeim á sig.)

LILJA: Ertu að ræna manninn, strákskratti?

KÁRI: Hann má eiga þetta dót. Ég hef ekkert við það að gera.

PÁLL: Þakka þér fyrir, afí minn - ég ætla að eiga inni ísinn og súkkulaðisósuna. Það er svo gott að eiga eitthvað inni. Ég ætla að koma seinna og fá ís með súkkulaðisósu. Það er svo gaman að geta hlakkað til einhvers. (Páll fer.)

4. ATRIÐI

LILJA: Það þarf að koma piltinum í meðferð.

KÁRI: Meðferð við hverju - leti og ómennsku?

LILJA: Hefurðu talað við móður hans?

KÁRI: Við höfum ekki um neitt að tala.

LILJA: Mér finnst þið hafa um ýmislegt að tala.

KÁRI: Vertu ekki að skipta þér af þessu.

LILJA: Af hverju talið þið ekki saman?

KÁRI: Ég hef aldrei skilið kvenfólk.

LILJA: Þú segir ekki - það kemur sannarlega á óvart.

(Þögn.)

LILJA: (bendir á bunka af gluggaumslögum á gólfinu.) Er þetta ekki eitthvað sem þarf að athuga? Af hverju opnarðu ekki umslögin? (Lilja tekur umslag, les utan á það.) Þetta er frá skattinum - og þú opnar það ekki? Þú ert ekki farlama? Af hverju ferðu ekki í bankann?

KÁRI: Þetta kemur þér bara ekkert við, manneskja!

LILJA: Þú talar ekki við nokkurn mann, ekki einu sinni dóttur þína. Af hverju hringirðu ekki í dóttur þína? Hún mundi áreiðanlega leggja þér lið.

KÁRI: Djöfulsins ofsóknir eru þetta!

LILJA: Kallarðu það ofsóknir þegar manni er ekki sama hvernig fólki líður?

KÁRI: Mér líður ágætlega.

LILJA: Þér líður ágætlega? Þú sefur hér úti, þú borðar ekki, ferð ekki í bankann, gengur í skítugum lörfum og þér líður bara ágætlega.

(Þögn.)

KÁRI: Þú mátt fara með fötin í þvottahús.

LILJA: Af hverju seturðu þau ekki í þvottavélina?

KÁRI: Ég kann ekki á þvottavél.

LILJA: Byggingameistarinn sjálfur - kann ekki á þvottavél!

KÁRI: Ég hef bara engan áhuga á því að kunna á þvottavél.

LILJA: Það er lítill vandi að læra á þvottavél.

KÁRI: Ég kæri mig bara ekkert um að læra á þvottavél!

LILJA: Einmitt.

KÁRI: Ef þú vilt fara með þvottinn í...

LILJA: ...í þvottahús.

KÁRI: ...já, og koma með hann aftur - þá máttu það.

LILJA: Þú gerir fólki tilboð sem það getur ekki hafnað. (Lilja hlær. Fer út með matarbakkann. Kemur inn aftur.) Allt í lagi - ef þú vilt láta hafa af þér peninga fyrir þvottinn þinn þá skal ég fara með hann í þvottahús, það er lítið mál. (Dok.) Þú veist að þú getur sett föstu útgjöldin í greiðsluþjónustu - þá hætta gluggabréfin að berast. Þjónustufulltrúinn í bankann sér um svona mál fyrir þig.

KÁRI: Þú mátt fara með þetta í bankann, ef þú endilega vilt.

LILJA: Heyrðu mig, sagði ég eitthvað í þá veru - að ég vildi endilega snúast fyrir þig?

KÁRI: Ef þú nennir því ekki skaltu bara sleppa því.

LILJA: (hlær.) Þú ert bráðfyndinn. (Dok.) Þú átt að vera á verði gagnvart konum eins og mér. Ég gæti látið þig skrifa upp á víxla, skuldabréf eða einhvern fjandann. Ég gæti sett mér að gabba út úr þér aleiguna. Og eitt er víst - ég færi létt með það.

KÁRI: Það held ég ekki.

LILJA: Hvað heldur þú ekki?

KÁRI: Að þú mundir gabba út úr mér aleiguna.

LILJA: Nei, þú heldur ekki? (Dok.) Gott og vel, þá skaltu segja mér í hvaða banka ég á að fara. Ég þarf að fá kennitölu, reikningsnúmer og leyninúmer.

(Kári sækir stóra svarta möppu og réttir Lilju.)

KÁRI: Þetta er allt hér. Ég borga fyrir alla fyrirhöfn sem þú hefur af mér.

LILJA: Maður gerir vinum sínum greiða.

KÁRI: Ég er ekki vinur eins eða neins.

LILJA: Það finnst mér dapurlegt.

KÁRI: Hvað?

LILJA: Maður getur eignast vini allt lífið.

KÁRI: Þetta drepst allt. Allt dautt. Allt dautt.

LILJA: Hringdu í hana dóttur þína. Manstu símanúmerið? (Kári hristir höfuðið.)
Það stendur í símaskránni. (Lilja réttir Kára símaskrána. Hann opnar skrána, flettir.
Lokar svo símaskránni.)

LILJA: Er letrið of smátt?

KÁRI: Já.

LILJA: Ertu hættur að geta notað símaskrána?

KÁRI: Það má segja, já.

LILJA: Viltu að ég finni númerið fyrir þig?

KÁRI: Nei.

LILJA: Ætlarðu ekki að hringja í hana?

KÁRI: Ég er farinn í sturtubað.

LILJA: Heybrók! (Dok.) Reyndu þá að þvo þér almennilega.

KÁRI: Ég skrúfa frá - fyrst kalda krananum - til þess að brenna mig ekki - svo bæti ég heitu vatni saman við smámsaman.

LILJA: Ekki eins vitlaus og hann lítur út fyrir að vera.

KÁRI: Finna hreint handklæði, annars ...

LILJA: Annars hvað?

KÁRI: Annars... ekkert sérstakt. Var það eitthvað sérstakt fyrir þig?

LILJA: Fyrir mig? Nei, takk. Drífdú þig í sturtuna.

KÁRI: Á að fara að reka á eftir manni? Fyrst kalda vatnið ...

(Dok.)

LILJA: Er allt í lagi?

KÁRI: ... bæta svo heitu vatni saman við smámsaman. Gleyma ekki að sápa á sér punginn.

LILJA: Þú ert meiri brandarakarlinn.

KÁRI: Ég? Já.

LILJA: Hefurðu verið svona fyndinn alla tíð?

KÁRI: Nei, bara upp á síðkastið.

LILJA: Ég fer í bankann. Þú klæðir þig. Verður klár þegar ég kem til baka. Við þurfum að fara í verslun. Það vantar allt til alls hér á heimilinu.

5. ATRIÐI

KÁRI: Laufey, hvar er skórin? Hjálpaðu mér manneskja, ég er að verða of seinn! Ég finn bara annan skóinn. Mig vantar hinn skóinn!

(Kári leitar undir dývaninum. Finnur ekki skóinn.)

Kári: Laufey! Hjálpaðu mér, ég get þetta ekki einn! Laufey, hvar ertu manneskja?

(Þögn. Loks.)

KÁRI: Byggingameistari. Ég er byggingameistari. Ég hef byggt mörg hús. Tvö hæstu hús bæjarins. Frumherji í notkun skriðmóta.

(Birtan verður græn.)

KÁRI: Hver ert þú?

GRÆNN MAÐUR: Ég man það ekki.

KÁRI: Hvernig getur maður gleymt nafninu sínu?

GRÆNN MAÐUR: Manst þú nafnið þitt?

KÁRI: Ég? Auðvitað. (Þögn.) Ég finn ekki annan skóinn.

GRÆNN MAÐUR: Hvað heitir þú?

KÁRI: Hættu að þrástaga á þessu, maður! Hvaða máli skiptir það þig, hvað ég heiti? Ég finn bara annan - finn bara ekki...

GRÆNN MAÐUR: Gáðirðu undir rúmið?

KÁRI: Að nafninu mínu? Hvað heitir þú?

GRÆNNMAÐUR: Þú varst búinn að spyrja að því.

KÁRI: Nú, og hverju svaraðir þú?

GRÆNN MAÐUR: Þú manst það ekki?

KÁRI: Man ég ekki hvað?

GRÆNN MAÐUR: Hver þú ert.

KÁRI: Ég er byggingameistari. Frumherji í notkun skriðmóta. Skriðmótin mörkuðu þáttaskil í byggingu hárra húsa. Ég byggði blokkir. Hæstu íbúðarhús í Reykjavík. Margir óttuðust að háhýsi mundu ekki standast öfluga jarðaskjálfta.

GRÆNN MAÐUR: Það er rétt.

KÁRI: Auðvitað er það rétt. (Sér skóinn á fæti sér.) Þarna ertu bannsettur! Laufey, ég fann skóinn! Laufey! Það er allt komið í leitirnar, skyrtan, sokkarnir og skórnir...

Laufey...

(Þögn.)

Laufey, heyrirðu hvað ég segi? Ég er búinn að finna skóinn, Laufey! Ég var í honum!

(Ekkert svar. Þögn.)

KÁRI: Ég er einn. Ég er einn.

(Kári kveikir á myndvarpanum. Skoðar myndir af Laufeyju.)

KÁRI: Laufey. Laufey. Þú heitir Laufey. Blómakona. Lofaðu mér því að vökva blómin. Mundu að vökva blómin. Kári, mundu að vökva blómin. Ég lofaði að vökva blómin. Hún ilmaði alltaf vel - ég finn ennþá ilminn - ég finn saltbragðið af brjóstunum - varirnar silkimjúkar - ég man snertinguna... Hún er dain - Laufey er dain... (Mynd af barni í myndvarpanum.) Þú ert Signý, dóttir mín, litla dóttir mín. (Þögn.) Af hverju talarðu ekki við mig? Skiptir þig engu hvort ég er lifandi eða dauður.

6. ATRIÐI

Lilja hendir bunka af reikningum á dívaninn.

LILJA: Skuldlaus við guð og menn. Að minnsta kosti mennina. Búinn að þvo þér - allt annað að sjá þig. Nú förum við. Þú keyrir.

KÁRI: Ég er enginn leigubílstjóri. Þú getur sjálf ekið þínum bíl.

LILJA: Mínum bíl? Ég á engan bíl. Hef ekkert við bíl að gera. Ég hjóla.

KÁRI: Hjólarðu?

LILJA: Það er nú ekki mikill vandi að hjóla. Þú ættir að fá þér hjól - það er gott nudd fyrir blöðruhálskirtilinn. Í jakkann með þig! Þú ert með lyklana?

KÁRI: Ég á engan bíl.

LILJA: Mér var sagt að þú ættir bíl. Er það einhver vitleysa? Áttu ekki bíl?

KÁRI: Ég týndi bílnum.

LILJA: Týndirðu bílnum?

KÁRI: Já.

LILJA: Og hvar týndirðu bílnum?

KÁRI: Ef ég vissi hvar ég týndi bílnum þá væri bíllinn ekki týndur.

LILJA: Það eru viss sannindi í því. Hvar varstu á honum síðast?

KÁRI: Hef ekki hugmynd um það.

LILJA: Manstu hvern þú hittir? Hvernig þú komst heim?

KÁRI: Ég fór eitthvað á bílnum. Kom bíllaus heim. Það er allt og sumt.

LILJA: Þú veist ekki hvert þú fórst og týndir heilum bíl.

KÁRI: Það er óþarfi að margtyggja þetta.

LILJA: Hvað er á seyði?

KÁRI: Það er ekkert á seyði.

LILJA: Ekki það?

KÁRI: Ég er orðinn gleyminn. Hvað með það?

LILJA: Þú hefur væntanlega hringt í lögregluna og látið auglýsa eftir bílnum?

KÁRI: Nei.

LILJA: Af hverju ekki?

KÁRI: Ég er hættur að keyra. Er ekki maður til þess lengur.

LILJA: Maður sem týnir bílum ætti að skreppa til læknis.

KÁRI: Ég hef ekkert við lækna að tala.

LILJA: Hann er ekki upp á neinn kominn, hann er stór kall – hann týnir bílum...

KÁRI: ...einum bíl.

LILJA: Gott og vel, hann týndi einum bíl, hann borgar ekki reikningana sína, talar ekki við lækna, svarar eintómum skætingi - hann er stór kall. (Dok.) Við tökum leigubíl. Ég ætla að minnsta kosti ekki að láta þig kafna í eigin skít. Við þurfum að komast í verslun að kaupa sápu – glás af sápu.

KÁRI: Þú mundir fylgja mér heim aftur?

LILJA: Heldurðu að ég sé svo vitlaus að skilja þig eftir úti á víðavangi með alla sápu?

KÁRI: Af hverju ekki?

LILJA: Þú yrðir í öllum fjölmiðlum, öllum fréttum, þú yrðir kallaður Sápumaðurinn - hinn dularfulli Sápumaður – hvaðan kemur hann, hver er hann, hvað ætlaði hann að gera við alla þessa sápu?

KÁRI: Djöfulsins rugl er þetta!

LILJA: Hringdu á leigubíl. Nú förum við. 5885522.

(Kári reynir að hringja en það tekst ekki.)

KÁRI: Hvað sagðirðu?

LILJA: 5885522. Hvað er að?

KÁRI: Það er ekkert að. Hvað ætti að vera að?

LILJA: Hringdu.

KÁRI: Ég get það ekki.

LILJA: Reyndu.

KÁRI: Ég get það ekki!

(Þögn.)

KÁRI: Það vefst ýmislegt fyrir mér.

7. ATRIÐI

KÁRI: Ert þú kominn aftur?

GRÆNN MAÐUR: Ef ég kem einu sinni fer ég aldrei aftur.

KÁRI: Af hverju ekki?

GRÆNN MAÐUR: Ég hef engan vilja.

KÁRI: Hvernig getur það verið?

GRÆNN MAÐUR: Það gerist ekkert.

KÁRI: Af hverju getur ekkert gerst?

GRÆNN MAÐUR: Af því ég á engar minningar.

KÁRI: Hvernig er hægt að lifa án minninga?

GRÆNN MAÐUR: Hjartað heldur áfram að slá, þú heyrir tal manna, þú gefur frá þér hljóð...

KÁRI: ...en þú veist ekki hvaðan þú kemur, hvar þú ert staddur eða hvert ferðinni er heitið...

GRÆNN MAÐUR: Hlutirnir eru nafnlausir.

KÁRI: Byggingameistari. Ég er byggingameistari.

GRÆNN MAÐUR: Þú hefur séð þá hanga í trjánum?

KÁRI: Hverjir eru þeir?

GRÆNN MAÐUR: Þeir eru bræður mínir.

KÁRI: Þeir geta ekki allir verið bræður þínir, þeir eru mörg hundruð – þeir fylla svefnherbergið, stofuna þeir eru í trjánum, í grasinu – hvað vilja þeir?

GRÆNN MAÐUR

Þeir vilja ekki neitt, þeir eru bara þarna.

8. ATRIÐI

Kári stendur í sólskálanum, glaðbeittur í laxveiðigalla.

LILJA: Hvað varstu eiginlega að gera?

KÁRI: Ég klæddi mig.

LILJA: Hellurnar voru rauðglóandi. Þú hefðir getað kveikt í húsinu?

KÁRI: Ég var að tala við mann. Gleymdi mér. Bara gleymdi mér.

LILJA: Tala við mann? Hvaða mann?

KÁRI: Mann, bara mann, hvaða máli skiptir það?

LILJA: Og um hvað rædduð þið?

KÁRI: Nú, ýmislegt. Hitt og þetta.

LILJA: Það er gott. Það er ljómandi gott. Í hvað ertu kominn? Hvaða múndering er þetta?

KÁRI: Ég klæddi mig ...

LILJA: Ég sé það. Hvar grófstu þetta upp?

KÁRI: Ég klæddi mig!

LILJA: Það er gott að þú klæddir þig. En hvar eru fötin sem ég kom með úr hreinsuninni?

KÁRI: Ég finn ekki neitt í þessu andskotans drasli. Finn ekki neitt, man ekki neitt!

LILJA: Það er hægt að taka lyf við þessu. Ég er búin að lesa mér til. Þetta eru truflanir á boðefnum. Kannski örlitlar blæðingar. Minnið flöktir. Þetta er bara smá heilabilun.

KÁRI: Heilabilun? Í mér?

LILJA: Heilinn bilar í okkur öllum, vinur minn, fyrr eða síðar. Það þýðir ekkert að gera sér rellu út af því. Veistu hvað, ég panta fyrir þig tíma hjá sérfræðingi. Þú ferð í rannsókn, höfuðið á þér verður myndað, í sneiðum, eins og álegg.

KÁRI: Eins og álegg - hvaða rugl er þetta eiginlega!

LILJA: Það heitir sneiðmyndataka. Þú færð lyf.

KÁRI: Ég hef aldrei étið lyf, kann það ekki.

LILJA: Það er lítið að kunna, bara opna munninn. Kannski batnar minnið, það er meira en líklegt, karl minn.

KÁRI: Ég man ekki einu sinni hvað þú heitir.

LILJA: Ég var að enda við að segja þér það, Lína langsokkur.

KÁRI: Lína langsokkur? (Dok.) Nei, þú ert ekki Lína langsokkur.

LILJA: Lilja. Ég heiti Lilja.

KÁRI: Það hripar allt úr hausnum á mér.

LILJA: Þú ert ekki einn um það, karl minn. Ég þarf líka að skrifa allt hjá mér - á miða. Þegar maður býr einn verður maður hálf hjárænulegur.

KÁRI: Býrð þú ein?

LILJA: Já, það geri ég.

KÁRI: Áttu engan kall?

LILJA: Ekki lengur. Á sínum tíma átti ég tvo.

KÁRI: Hvað varstu að gera með tvo?

LILJA: Ég átti einn í einu.

KÁRI: Engan lengur?

LILJA: Nei. En ég á uppkomna krakka sem ég tala við í síma á hverjum degi. Þú ættir að hafa samband við hana dóttur þína.

(Þögn.)

KÁRI: Ég man ekki hvernig hún lítur út.

LILJA: Nú, það er fullt myndum af henni hérna. (Lilja tekur myndaalbúm úr kassa, sest hjá Kára.) Líttu á, þú þekkir þessa stúlku?

KÁRI: Nei.

LILJA: Ertu að segja mér að þú þekkir ekki þessa stúlku?

KÁRI: (hristir höfuðið.) Nei.

LILJA: Þetta er auðvitað gömul mynd.

KÁRI: Já, þetta er gömul mynd.

LILJA: Hér er önnur. Myndarstúlka. Ég hef meira segja lesið ljóðabók eftir hana. Fékk bókina lánaða á safninu. Þarna er hún með drenginn sinn – dótturson þinn. Það eru margar myndir af honum.

KÁRI: Þetta er ég.

LILJA: Já, já, stoltur afi með litla kút.

KÁRI: Þetta er ég!

LILJA: Já, þetta ert þú. Byggingarmeistarinn sjálfur, draugfinn í tauinu að skila af þér háhýsi, sýnist mér.

KÁRI: Skriðmót. Skriðmótin mörkuðu þáttaskil. Margir óttuðust að háhýsin mundu ekki standast öfluga jarðskjálfta.

LILJA: Heyrðu mig, veistu hvað við gerum – við förum að skoða húsin þín – ég veit hvar þau eru – þessi stóru, fínu hús. Það er svo yndislegt veður að ég nenni ekki að skúra í dag. Viltu kom með mér? (Kári hristir höfuðið. Lilja tekur um hönd hans, reynir að róa hann.)

LILJA: Þú þarft ekki að vera hræddur, ég fer ekkert frá þér. Ég yfirgef þig ekki. Ég kem þér heim aftur. Þú mátt halda í höndina á mér. Allan tímann. Viltu það, að ég haldi í höndina á þér?

KÁRI: Já.

LILJA: Við leiðumst eins og fínt fólk.

KÁRI: Já.

LILJA: Gott. Nú finnum við sparifötin þín. Byggingarmeistarinn verður að vera í sínu finasta þússi þegar hann lítur eftir húsunum sínum.

KÁRI: Þú ert ekki svo vitlaus.

LILJA: Nei, er það nokkuð?

KÁRI: Og þú ert sprelllifandi.

LILJA: Þakka þér fyrir að segja það. Ég ætla að bjóða þér upp á kjúkling og franskar. En fyrst förum við að skoða húsin þín. (Kári faðma Lilju að sér og heldur henni með krampakenndu taki. Lilja reynir með lagni að losa sig.)

KÁRI: Skriðmótin mörkuðu þáttaskil. Mín uppfinninga.

LILJA: Einmitt. Þú ert með svo skynsamar hendur. Með svona höndum er hægt að byggja góða mannabústaði. Ég ætla að setja á mig varlit.

KÁRI: Þú ert betri en engin.

LILJA: Það er gott að vera betri en engin. Það er mjög gott.

KÁRI: Þú ert ... þú ert ...

LILJA: Nújá, út með það, hvað er ég?

KÁRI: Þú ert ... Ertu engill?

LILJA: Nei, nei, englar skúra ekki gólf, þaðan af síður að þeir sjóði hrossakjöt. Ég er ekki engill - en ég er vinur vina minn, því máttu treysta.

9. ATRIÐI

KÁRI: Ég er hræddur.

GRÆNN MAÐUR: Óttinn hverfur með tímanum.

KÁRI: Hverfur óttinn með tímanum?

GRÆNN MAÐUR: Já. Nú er Grænn tími, svo byrjar Hvítur tími.

KÁRI: Hvítur tími - er það dauðinn?

GRÆNN MAÐUR: Grænn tími er okkar tími. Hann er ekki alslæmur. Maður venst honum.

KÁRI: Venst maður því að horfa á hluti sem bera engin nöfn, hafa enga merkingu? Hvernig er hægt að venjast því að andlitin eru bara nafnlausar flygsur á sjónhímnunum?

GRÆNN MAÐUR: Við þurfum svo lítið – sólargeisla – vinsamlega snertingu.

KÁRI: En að lokum hverfur þá allt?

(Þögn.)

GRÆNN MAÐUR: Við þurfum svo lítið, ilmur nægir okkur.

KÁRI: Ég man þegar hún fæddist. Örmsá höndin í minni stóru hendi. Þessi örsmáa hönd. Ég man ilminn af litla kroppnum... Þótt allur heimurinn hverfi mun ilmurinn af henni dóttur minni aldrei hverfa ...

10. ATRIÐI

Páll og Kári sitja á dývaninum. Snúa bókum saman.

PÁLL: Er það þessi kerling? Gafstu henni bílinn? Ertu að skrifa upp á eitthvað fyrir hana? Ertu að láta hana rýja þig inn að skinninu?

KÁRI: Hún er engill.

PÁLL: Engill? Þú ert kexruglaður!

(Þögn.)

PÁLL: Með hverju borgar steinaldarmaður eins og þú? Engin ávísanahefti, engin greiðslukort, ekkert kass - hvernig borgarðu matinn, leigubíla, heimilishjálpa – hvernig borgarðu?

KÁRI: Ég borga ekki.

PÁLL: Borgarðu ekki? Hver borgar þá?

KÁRI: Hvað heitir þú?

PÁLL: Hvað ég heiti? Ertu búinn að gleyma því? Páll. Páll, í höfuðið á bróður þínum sem drukknaði fyrir austan. Ógæfunafn. Þú réðir því auðvitað eins og öllu öðru.

KÁRI: Hvað viltu mér?

PÁLL: Mér datt í hug að þú vildir lána mér peninga, afi minn.
(Þögn.)

PÁLL: Þú þekkir mig? Palli. Þú ert ekki orðinn svona kalkaður? Manstu hvað þú sagðir – Palli minn, þegar þú klárar verkfræðina tekur þú við öllu – öllu heila klabbinu – öllu sem ég á – þú ert minn maður.

KÁRI: Skriðmótin mörkuðu þáttaskil.

PÁLL: Skriðmótin?

KÁRI: Margir óttuðust að háhýsi mundu ekki standast öfluga jarðskjálfta.

PÁLL: Þú segir ekki.

KÁRI: Óvandað hús er glæpaverk.

PÁLL: Þú varst alltaf svo djöfull duglegur að byggja þessi hús þín. Það áttu allir að hafa áhuga á þessum eilífu húsum. (Dok.) Þú þekkir mig ekki?

KÁRI: Nei.

PÁLL: Páll! - Palli! (Páll þrífur kassa með gömlum ljósmyndum, sturtar myndunum á gólfíð; gramsar, finnur loks mynd sem hann sýnir Kára.) Líttu á, hér er ég að draga maðk upp úr blómabeðunum! Palli! Palli safnar möðkum í krukku handa afa sínum. Palli litli með fulla krukku af finum laxamöðkum handa afa. Líttu á: afa og Palli við Langá. Palli að bíta uggann af maríulaxinum sínum. Ég kúgaðist í heilan sólarhring á eftir. Þú stoppaðir helvítið upp og hengdir hræið upp á vegg.

KÁRI: Maríulaxinn.

PÁLL: Ég vissi að þú mundir kveikja á maríulaxinum!

KÁRI: Maríulaxinn.

PÁLL: Þú kveiktir á laxinum! Eina ástríðan sem þú hafðir fyrir utan húsbyggingar – laxveiðar. Maríulaxinn maður, líttu á, maríulaxinn!

KÁRI: Palli minn.

PÁLL: Þar kom það! Þú ert afa minn. Við vorum góðir vinir. Þú og ég og mamma vorum vinir. Þangað til Palli litli fór að dópa. Það á að taka strákinn og lemja hann þar til blóðið lekur úr rassgatinu á honum – lemja hann þannig að hann snerti þetta helvítis dóp aldrei framar!

KÁRI: Palli minn.

PÁLL: Manstu eitthvað af þessu? (Kári kinkar kolli.) Strákurinn er aumingi! Þú lést aumingja barna þig, Signý! Hvað heldurðu að komi undan aumingjum nema aumingjar!

KÁRI: Það á ekki að vorkenna aumingjum.

PÁLL: Mamma alveg trítílóð – sú lét þig heyra það. Þú slóst hana, manstu? Kjafthöggið hafði engin úrslitaáhrif – það voru orðin. Það er eins gott að hann drepist sem fyrst þessi aumingi! Hún á aldrei eftir að tala við þig.

(Þögn.)

PÁLL: Segðu eitthvað! Hvað hefurðu að segja?

KÁRI: Signý. Hvar er Signý?

PÁLL: Mamma er heima að tala við einhverja þunglynda aumingja – eins og þú varst vanur kalla þá. Ætlarðu að eyða ævinni í það að hlusta á þunglynda aumingja? Mamma hefur þessi orð oft eftir – og hún hlær. Þú veist hverskonar hlátur það er – ekki beint glaðlegur.

KÁRI: Signý - ég þarf að tala við hana.

PÁLL: Viltu það?

KÁRI: Já.

PÁLL: Það er nokkuð seint í rass gripið, karl minn? Betra seint en aldrei, áttu við það? (Páll telur upp farsíma og hringir.) Mamma, samtal við þig.

(Páll réttir Kára símann.)

KÁRI: Fyrirgefðu mér.

(Þögn.)

Signý. Fyrirgefðu! Fyrirgefðu mér! Halló, Signý! Signý!

(Kári stendur stjarfur. Páll tekur símann af Kára.)

PÁLL: Of seint. Hún hatar þig eins og pestina.

PÁLL: Auðvitað hafðir þú rétt fyrir þér – ég gerði allt sem ég átti ekki að gera. Það breytir því ekki að þú áttir að elska mig af því ég elskaði þig! Jafnvel þótt ég klikkaði á öllu áttir þú að elska mig! Ég skildi það ekki af hverju þú varst allt í einu farinn að hata mig – þú sem varst flottasti afinn í öllum heiminum – byggðir hús sem voru svo há að skýin flæktust í þeim! Afí minn er byggingameistari, sagði ég með tár í augunum af stolti. Hann afí minn er meistari – byggingameistari!

KÁRI: Skriðmótin mörkuðu þáttaskil.

PÁLL: Gleymdu þessum andskotans skriðmótum! Það varstu þú sem markaðir þáttaskil! Þú ert afí minn og ég dáði þig meira en alla aðra menn undir sólinni! En þú hataðir mig. Þú hatar mig ... (Þögn.) Þetta fór bara svona. (Dok.) Það er ekki rétt að hata fólk. Það getur aldrei verið rétt, er það?

(Kári rís á fætur, fer inn í húsið; kemur til baka með málverk sem hann réttir að Páli.)

PÁLL: Nei, mamma á að fá þessa mynd. Það stendur hér aftan á henni – Signý á að fá þessa mynd.

KÁRI: Signý á að fá þessa mynd.

PÁLL: Ég veit – það stendur hér, sjáðu.

KÁRI: Signý á að fá þessa mynd.

PÁLL: Á ég að fara með myndina til hennar?

KÁRI: Já.

PÁLL: Þú treystir mér til þess?

KÁRI: Já.

PÁLL: Þú treystir Palla (litla) til þess?

KÁRI: Já.

PÁLL: Ok.(Gott og vel.)

KÁRI: Palli litli.

PÁLL: Palli litli.

KÁRI: Palli litli.

PÁLL: Mamma fær myndina – þú getur treyst því. Mamma fær myndina sína. Ævintýramyndina sína. Frá þér.

11. ATRIÐI

LILJA: (dansar við Kára.) Léttur á fæti! Stýrir eins og herforingi! Þú hefur einhverntíma verið drjúgur í dansinum.

KÁRI: Ég dansaði mikið.

LILJA: Þú ert skýr í kollinum í dag. Lífið er ekki svo bölvæð þegar allt kemur til alls! Og hver segir að vitið sé allt í hausnum, er það ekki líka í hjartanu og í fótunum?

(Lagið endar.)

LILJA: Maður minn, þú tekur á því. Nú verð ég að kasta mæðinni.

KÁRI: Hvíldu þig, góða.

LILJA: Þakka þér fyrir. Ég þigg það.

KÁRI: Þú ert væn kona.

LILJA: Ertu að skjalla mig rétt eina ferðina?

(Kári tekur um hönd Lilju; heldur fast.)

LILJA: Ég er ekkert að hlaupa á dyr, vertu alveg rólegur.

(Kári dregur Lilju að sér. Tekur utan um hana. Reynir að kyssa hana.)

LILJA: Nei, vinur minn, ég er engin manneskja í faðmlög.

KÁRI: Þú ert mjúk og heit. Sofðu hjá mér.

LILJA: Nei, það er ekkert ráð. Við skulum fara saman út að ganga, skreppa í búðir, borða hrossakjöt, og dansa – en ekki sofa saman – það spillir bara vináttunni.

(Kári gengur að glugganum og starir út.)

LILJA: Þú ert nú meiri maðurinn – ætlar bara að svipta kvenmanninum upp í rúm eins og ekkert sé! (Kári starir fram fyrir sig þungbúinn.) Við erum búin að skemmta okkur svo vel í dag. Fannst þér ekki gaman að fara í búðir? Drottinn minn, allt þetta drasl sem maður hefur enga þörf fyrir! Dásamlegt að þurfa ekki á neinu að halda lengur. Geta gengið frjáls og tómhentur út úr hvaða verslun sem vera skal.

(Kári starir ennþá út.)

LILJA: Er það haustið sem fer illa í þig, rigningin, rokið?

KÁRI: Nei, ekki haustið.

LILJA: Eru mennirnir ennþá í trjánum?

KÁRI: Nei. Þeir eru ekki lengur í trjánum.

LILJA: Hvað þá? Hvað er þá að?

KÁRI: Ég vil ekki lifa lengur.

LILJA: Viltu ekki lifa lengur – hvaða vitleysa er þetta.

KÁRI: Ég vil deyja.

LILJA: Ekki segja þetta – það gengur allt svo miklu betur eftir að þú fékkst lyfin. Þú tókst þau í morgun, ég sá þig taka þau. Mér finnst þú svo klár í kollinum. Við vorum að dansa og þér þótti það svo skemmtilegt.

KÁRI: Ég gleymi öllu.

LILJA: Það er ekki rétt. Varstu ekki að reyna að komast upp í ból með mér rétt áðan? Þú sagðir að ég væri bæði mjúk og heit.

KÁRI: Nei.

LILJA: Ekki það, þá hef ég misskilið eitthvað.

KÁRI: Margir óttuðust að svo há hús mundu ekki standast öfluga jarðskjálfta.

LILJA: Já, já, en þau standa keik enn þann dag í dag. Eigum við að dansa örlítið meira? Má ég bjóða herranum upp í dans?

(Lilja tekur Kára með sér út á gólfíð og reynir að dansa við hann, en nú kann Kári engin spor lengur.)

LILJA: Æ, hvað er nú? Gömlu, góðu sporin okkar, eru þau horfin? Það þykir mér leiðinlegt.

KÁRI: Hver ert þú?

LILJA: Lilja. Vinkona þín. Mjúk og heit.

KÁRI: Þú ert... hver ert þú?

LILJA: Nú get ég ekki meira, vinur. Nú er ég næstum farin að gráta. Og það er ekki það sem við þurfum mest á að halda, er það?

KÁRI: Nei.

LILJA: Það er farið að kólna – ég ætla að búa um þig inni. Það er kominn tími til þess. (Rífur saman sængurfötin og tekur þau í fangið.) Það er svo dapurlegt að sjá laufið velkjast á stéttinni. Það er gott að vera inni hjá sér þegar vindurinn æðir um og hristir veslings trén.

KÁRI: Já. (Lilja ber sængurfötin inn í húsið. Kári tekur vökvunarkönnuna.) Ég lofaði að vökva blómin.

(Græn birta flæðir yfir Kára.)

KÁRI: Ert þú kominn? Hvað viltu núna?

GRÆNN MAÐUR: Ég er kominn til að sækja þig.

KÁRI: Hvert förum við?

GRÆNN MAÐUR: Inn í Græna landið.
(Þögn.)

KÁRI: Verð ég eins og þú?

GRÆNN MAÐUR: Þú ert eins og ég. Og ég er eins og þú.

(Lilja kemur aftur út í sólskálann.)

LILJA: Kári, þú verður að fara á heimili – gott heimili – þar sem alminlegt fólk gefur þér gott að borða, þvær af þér fötin, og dansar við þig þegar þú ert í skapi til þess.

KÁRI: Hvað verður um mig?

GRÆNN MAÐUR: Það verður bið.

KÁRI: Löng?

GRÆNN MAÐUR: Kannski löng. Kannski stutt.

LILJA: Heyrirðu hvað ég sagði?

KÁRI: Er annað líf?

GRÆNN MAÐUR: Það veit enginn.

LILJA: Ég ætla að tala við hana dóttur þína, hún verður að hjálpa okkur að finna gott heimili handa þér. Ég skal koma á hverjum degi og halda í höndina á þér.

KÁRI: Höndin, litla höndin... gleymi ég henni líka?

GRÆNN MAÐUR: Það má búast við því.

LILJA: Þú skilur það sem ég er að segja?

KÁRI: Já.

LILJA: Ertu viss? Við finnum gott heimili. Gott heimili þar sem þér líður vel.

KÁRI: Já.

LILJA: Komdu nú með mér inn.

KÁRI: Já. Ég kem – ég kem.

(Lilja hverfur inn í húsið með myndakassann.)

KÁRI: Eru engir aðrir kostir?

GRÆNN MAÐUR: Hvað áttu við?

KÁRI: Get ég fengið að deyja núna?

GRÆNN MAÐUR: Viltu það?

KÁRI: Já, ég vil það. Hjálpaðu mér.

GRÆNN MAÐUR: Nei, ég má það ekki. Þú verður að bíða.

KÁRI: Ég vil ekki bíða.

(Kári tekur stórar garðklippur. Reiðir þær á loft. En þá man hann ekki lengur hvað hann ætlaði að gera. Lilja kemur í dyrnar. Hún gengur hægt til Kára.)

KÁRI: Ég er búinn að gleyma því!

LILJA: Hverju?

KÁRI: Því sem ég ætlaði að gera. (Lilja tekur garðklippurnar úr höndum Kára.)

KÁRI: Þeir eru komnir aftur.

LILJA: Æ, ekki grænu mennina.

(Kári kinkar kolli. Þögn.)

KÁRI: Margir óttuðust ...

LILJA: ... að svo há hús mundu ekki standast öflugan jarðskjálfta.

(Þögn.)

KÁRI: Ég er þreyttur.

LILJA: Ég fer ekkert frá þér. Komdu með mér. Segðu mér eitthvað fallegt.

KÁRI: Þú heitir Lilja. Og þú er engill.

(Sterk birta streymir á móti Kára og umlykur hann. Kári hverfur á eftir Lilju inn í ljósið.)

ENDIR.